

## Um þýðingu og endurritun í *Sögunni um gralinn og Parcevals sögu*

Í upphafi skáldsagnaritunar á franskri tungu á miðöldum var algengt að höfundar lýstu yfir trúverðugleika verka sinna strax í fyrstu línunum þeirra, vísuðu til rita þar sem finna mætti sömu sögur, eða sögdust hafa heyrt verkið flutt munnlega við ólíkustu tækifæri.<sup>1</sup> Í formála eða inngangsorðum var stundum tilgreint hverjum ritið var ætlað – hvort sem mark er á því takandi eða ekki – og jafnvel bætt við að viðkomandi hafi fengið höfundinum í hendur efnivið sem hann hefði svo ofið verkið úr. Þetta lítillæti af hálfu höfunda má skýra á tvo vegu. Annars vegar var höfundarhugtakið óljóst og sá efniviður sem notaður var við smíðarnar tilheyrði engum. Hins vegar tilheyrði verkið heldur ekki höfundi þess; höfundurinn miðlaði einungis og/eða þýddi og endursagði sögur sem hann hafði heyrt eða lesið annars staðar og gat því varla talist ábyrgur fyrir innihaldi verkanna. Oft er höfundur ekki nefndur á nafn í handritum og sé hans getið er iðulega lítið um hann vitað. Um þýðingar og uppskrift handrita giltu síst strangari reglur og því eru miðaldatextar lifandi í þeim skilningi að þeir taka sífelldum – en þó mismiklum – breytingum frá einu handriti til annars bæði hvað varðar rithátt (stafsetningu) og efnismeðferð. Verkin ýmist lengdust eða stytust og sem dæmi má nefna að í elstu gerð hins fræga kappkvæðis *Rólantskviðu* er kaflinn sem helgaður er unnustu Rólants aðeins 30 ljóðlínur en um 950 í yngri og lengri gerðum kvæðisins. Þýðingar voru unnar á svipaðan hátt og algengt að sleppt væri úr línunum og köflum og öðrum jafnvel skeytt við.<sup>2</sup> Í norrænni þýðingu kvæðisins,

---

<sup>1</sup> Ég færi ritstjórum *Milli mála*, ritrýnum og yfirlesara bestu þakkir fyrir góðar athugasemdir.

Af *Rúnivals bardaga*, er hlutskipti unnustunnar svo enn rýrara en í frönskum gerðum verksins enda megináhersla lögð á karlmennsku og hetjuskap.<sup>3</sup> Þannig mátti aðlaga verk nýjum áheyrendum, ólíkum væntingum og annarri frásagnarhefð.

Þessi breytileiki stangast á vissan hátt á við viðhorf menntamanna til hins ritaða máls. Latína var lengi vel helsta ritmál lærðra manna og flest af því sem sett var á bókfell tengdist kristinni trú eða stjórnsýslu. Innihald textanna var mikilvægt og með því að skrifa það niður var hægt að festa það í minningunni og stuðla að varðveislu þess í óbreyttri mynd. Ekki er ólíklegt að þetta hlutverk ritmálsins hafi sótt á höfunda fyrstu skáldverkanna sem skrifuð voru á talmáli.<sup>4</sup> Hér verður fjallað um eitt þeirra, *Perceval eða sagan um gralinn* (fornfr. *Li contes del graal*) eftir Chrétien de Troyes, sem er ein frægasta riddarasaga miðalda. Verkið var samið á árunum 1182–1191 og er almennt talið vera síðasta verk höfundar.<sup>5</sup> Ljóðsögur Chrétiens eru fróðlegar með tilliti til þess hvernig evrópska skáldsagan varð til og endurgerðir þeirra á öðrum tungumálum eru ekki síður forvitnilegar. Þær sýna hvaða viðtökur efniviðurinn frá Bretaníu fékk á öðrum málsvæðum og eru gott dæmi um vinnubrögð þýðenda á miðöldum. Síðast en ekki síst urðu þær svo kveikjan að fjölmörgum frumsömdum riddarasögum sem Íslendingar áttu eftir að ylja sér við fram á 20. öld.

Þegar *Sögunni um gralinn* var snúið á norrænu á síðari hluta 13. aldar urðu til tvö verk: *Parcevals saga* og *Valvens þáttur*.<sup>6</sup> Þessi skipting endurspeglar tvíþætta uppbyggingu frönsku riddarasögunnar þar sem fyrri hlutinn er helgaður hinum unga og óreynda

<sup>2</sup> Sjá til dæmis Ástráður Eysteinnsson, *Tvímæli. Þýðingar og bókmenntir*, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun/Háskólaútgáfan, 1996, bls. 45.

<sup>3</sup> Af *Rúnivals bardaga*, *Karlamagnús saga ok kappá hans*, Bjarni Vilhjálmsson bjó til prentunar, Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan/Haukadalsútgáfan, 1950, 3. bindi, bls. 828. Sjá líka Jonna Kjær, „La réception scandinave de la littérature courtoise et l'exemple de la *Chanson de Roland*“, *Romania*, 114/1996, bls. 50–69.

<sup>4</sup> Það eru þó skiptar skoðanir á því hvort um talmál sé að ræða eða öllu heldur eins konar samræmt ritmál. Sjá einkum Bernard Cerquiglini, *Une langue orpheline*, Paris: Les Éditions de Minuit, 2007; sami, *La Naissance du français*, Paris: Presses Universitaires de France, 1991.

<sup>5</sup> Þessi grein er óbeint framhald greinarinnar „Að búa til sögu. *Sagan um gralinn*“, *Milli mála. Ársrit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum*. Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum/Háskólaútgáfan, 2009, bls. 55–76. Þar er að finna ágríp af verki Chrétiens de Troyes, *Perceval eða Sögunni um gralinn* (bls. 61–63).

<sup>6</sup> Bæði verkin eru gefin út í *Norse Romance*, I–III, útg. Marianne E. Kalinke, Cambridge: D.S. Brewer, 1999, hér 2. bindi, bls. 108–205.

Perceval (Parceval) en sá síðari Gauvain (Valven) sem er einn af riddurum hringborðsins svonefnda. Hér verður einkum staldrað við þá viðleitni höfundar að gera skáldverk sitt trúverðugt, þótt ekki sé um sögulegan sannleik að ræða heldur merkingarlegan. Dregnar verða fram nokkrar af þeim breytingum sem urðu á verkinu þegar því var snúið úr fornfrönsku á norrænu á síðari hluta 13. aldar og spurt hvaða áhrif þær höfðu á móttökur þess og merkingu.<sup>7</sup>

## I

Talið er að *Sagan um gralinn* hafi verið eitt þeirra frönsku bókmenntaverka sem þýdd voru í Noregi á síðari hluta 13. aldar í stjórnmálið Hákonar gamla Hákonarsonar (1217–1263) eða sona hans. Umtalsverðum fjölda erlendra rita var þá snúið á norrænu.<sup>8</sup> Þó er erfitt að segja með vissu hvort Hákon konungur hafi í raun látið þýða öll þau verk sem honum eru tileinkuð.<sup>9</sup> Fimm riddarasögur sem eignaðar eru Chrétien de Troyes hafa varðveist á frönsku. Þrjár þeirra voru þýddar á norræna tungu: *Erec og Enide* sem hlaut nafnið *Erex saga*, *Ívan eða ljónsriddarinn* sem kölluð er *Ívens saga* og að lokum *Perceval eða Sagan um gralinn* sem skiptist sem fyrr segir í *Parcevals sögu* og *Valvens þátt*. Þýðingin á *Parcevals sögu* og *Valvens þætti* hefur varðveist í mjög heillegri mynd í íslensku handriti frá um 1400.<sup>10</sup> Eins

<sup>7</sup> Þegar vísað er í ljóðlínur franska frumtextans er stuðst við útgáfu Daniels Poirion í Chrétien de Troyes, *Perceval ou le Conte du Graal, Œuvres complètes*, París: Gallimard, 1994, bls. 783–911. Einnig er stuðst við nýja þýðingu á verkinu, sem fylgir útgáfu Daniels Poirion: Chrétien de Troyes, *Perceval eða Sagan um gralinn*, þýð. Ásdís R. Magnúsdóttir, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2010.

<sup>8</sup> Sjá til dæmis Jürg Glauser, „Romance (Translated riddarasögur), *A Companion to Norse-Icelandic Literature and Culture*, útg. Rory McTurk, Oxford: Blackwell, 2005, bls. 372–387. Gott yfirlit má einnig finna í kaflanum „Hefðin auðgast – þýddar riddarasögur“ eftir Torfa H. Tulinius í *Íslenskri bókmenntasögu*, ritstj. Vésteinn Ólafson, Reykjavík: Mál og menning, 2. bindi 1993, bls. 195–217.

<sup>9</sup> Sverrir Tómasson, „Hvenær var Tristrams sögu snúið?“, *Gripla*, 1/1975, bls. 47–78.

<sup>10</sup> Stockholm Perg. 6 4to, Royal Library, Stockholm; handrit frá 17. öld (AM 179 fol., AM 181a fol., Add. 4859 fol.) eru öll frá Stock. Perg. 6 4to. Brot af textanum hefur varðveist í handriti frá um 1350 (NkS 1794b 4to), Konunglega bókasafnið, Kaupmannahöfn; *Parcevals saga, Norse Romance*, 3 bindi, útg. Kirsten Wolf, Cambridge: D.S. Brewer, 1999, hér 2. bindi, bls. 105. Í þessari útgáfu er einnig að finna enska þýðingu textans.

Þótt *Parcevals saga* hafi – eins og *Erex saga* og *Ívens saga* – haft bæði bein og óbein áhrif á höfunda frumsömdu riddarasagnanna hafa ekki varðveist rimur um þá fêlaga Parceval og Valven. Þar urðu Rólant og kapparnir fræknu úr *Rúnzivals bardaga* hlutskarpari.

og flest önnur verk sem snúið var á norrænu á þessu tímabili stakk *Sagan um gralinn* allrækilega í stúf við norræna sagnaritun 13. aldar. Þýðandinn, sem er óþekktur, stóð andspænis sama vandamáli og þýðendur nú á dögum. Hlutverk þeirra felst ekki einungis í að þýða verk af einu tungumáli yfir á annað heldur þurfa þeir einnig að hafa í huga hvort þau orð og hugtök sem bregður fyrir í frummáli eigi sér hliðstæður í því tungumáli sem þýtt er á og hvort sá menningarheimur og hugmyndafræði sem textinn sprettur upp úr séu skiljanleg þeim lesendahópi sem hann er ætlaður.

Þær riddarasögur sem kenndar eru við Artúr konung voru ekki trúverðugar frásagnir í sagnfræðilegum skilningi; söguhetjurnar sem þar voru settar á svið voru sjaldan sögulegar og auk þess voru verkin uppfull af alls kyns furðum enda efniviður þeirra að stórum hluta sóttur í brunn bretónskra þjóðsagna og kvæða sem flutt voru við hirðir konunga og aðalsmanna. Þessar sögur nutu mikilla vinsælda og þýðingar á þeim urðu til þess að Íslendingar hófust handa við að semja sínar eigin riddarasögur. Óhætt er að segja að þýðingarstarf á miðöldum hafi haft mikil áhrif á íslenska bókmenningu.<sup>11</sup> Það er þó ekki síst vegna bretónska efniviðarins að Chrétien de Troyes var umhugað um að sögur hans væru vel samsettar; hann vildi að verk sín stæðu frammar kvæðum og frásögnum farandsöngvara og sagnamanna. Það kemur skýrt fram í riddarasögunni *Erec og Enide* sem var líklega samin um 1170.<sup>12</sup> Chrétien lýsti því til að mynda yfir í inngangsorðum sínum að *Perceval eða Sögunni um gralinn* að hann ætlaði sér að skrifa bestu sögu sem samin hefði verið við konunglega hirð.<sup>13</sup> Í þeim tilgangi að auka gildi og trúverðugleika *Sögunnar um gralinn* greip Chrétien til ýmissa ráða. Í inngangi tilgreinir hann að verkið sé samið fyrir Filippus greifa af Flandri og hann segist styðjast við bók sem Filippus hafi fengið honum. Sögumaður lætur alloft í sér heyra í verkinu, tjáir sig um það sem er að gerast í frásögninni og vísar nokkrum sinnum í fyrrnefnda bók. Lýsingar á umhverfinu eru raunsæjar og endurspegla

<sup>11</sup> Ástráður Eysteinnsson, *Tvímæli*, bls. 47–48. Sjá einnig *Íslensk bókmenntasaga*, ritstj. Vésteinn Ólafson, Reykjavík: Mál og menning, 1. bindi 1992, bls. 411–479, og 2. bindi 1993, bls. 179–217. Um frumsamdar riddarasögur, sjá einnig gott yfirlit Matthews Driscoll, „Late Prose Fiction (*lygisögur*)“, *A Companion to Norse-Icelandic Literature and Culture*, útg. Rory McTurk, Oxford: Blackwell, 2005, bls. 190–204.

<sup>12</sup> Chrétien de Troyes, *Érec et Enide, Œuvres complètes*, bls. 3, l. 9–18.

<sup>13</sup> Chrétien de Troyes, *Perceval eða Sagan um gralinn*, bls. 44.

veruleika sem áheyrendur hans þekking (sbr. akuryrkja, iðandi mannlíf, málsverðir og klæðnaður). Innan verksins sjálfs er síðan nokkuð um endursagnir sem hafa það hlverk að staðfesta atburði sem orðið hafa fyrir í frásögninni. Að lokum má nefna trúarlegt vægi verksins, sem er ekki sist mikilvægt í þessu sambandi: kristilegur kærleikur Filippusar greifa, áminningar um trúrækni, heilagleiki gralsins sem ber fyrir augu Percevals í kastala hins svonefnda fiskikonungs, og að lokum synd, iðrun og yfirbót söguhetjunnar. Erfitt er að segja með nokkurri vissu hvers vegna Chrétien vildi að verk sitt yrði besta saga sem samin hefði verið við konunglega hirð en þó má ætla að það sé að hluta til vegna þeirrar áherslu sem þar er lögð á kristin gildi. Þau gáfu verki hans afgerandi trúarlegt yfirbragð sem átti eftir að hafa djúpstæð áhrif á riddaramennsku miðaldarómönsunnar og gralinn í framhaldinu.

Í þessu samhengi er forvitnilegt að sjá hvernig þýðandinn miðlaði verkinu til lesenda sinna og áheyrenda. Um leið verður að hafa í huga að þau handrit sem þýðendur studdust við hafa ekki varðveist og því vitum við ekki hvaða texta þeir höfðu fyrir augunum. Því má heldur ekki gleyma að sú gerð *Parcevals sögu* sem við þekkjum samsvarar ekki endilega upprunalegu þýðingunni þar sem hún er varðveitt í mun yngri handriti. Þar af leiðandi getur verið vandasamt, eða jafnvel ógerlegt, að greina hvort breytingar eða frávik frá frumtexta skuli rekja til þýðanda eða skrifara.<sup>14</sup> Í þessari grein mun athyglinni þó ekki beint að álitamálum sem þessum heldur verður litið á *Parcevals sögu*, í þeirri mynd sem íslenskir lesendur 14. og 15. aldar þekktu hana, sem heildstætt verk og almennt talað um þýðanda þegar vísað er til fráviks verksins í samamburði við texta Chrétien de Troyes þótt í því felist vissulega nokkur einföldun.

Þýðingarstarfið við hirð Noregskonungs er gjarnan tengt áhuga konungs á bókmenntum og löngun hans til að fræða og

<sup>14</sup> Þetta á að sjálfsgöðu einnig við um frumtexta verksins sem varðveist hefur í mörgum gerðum. Fræðimenn hafa nú þegar fjallað ítarlega um þær breytingar sem urðu á *Sögunni um gralinn* þegar henni var snúið og hvort þær breytingar skuli rekja til þýðanda eða skrifara; sjá til dæmis Henry Kratz, „The *Parcevals* saga and *Li contes del graal*“, *Scandinavian Studies*, 49(1)/1977, bls. 13–47, hér bls. 14, 21; Álfrún Gunnlaugsdóttir, „Um *Parcevals sögu*“, *Gripla* 6/1984, bls. 218–240, hér bls. 239–240; Marianne E. Kalinke, „The saga of Parceval the Knight“, *Parceval/Parzival. A Casebook*, New York: Routledge, 2002, bls. 219–236, hér bls. 221. Það eru til að mynda skiptar skoðanir um hvort inngangs- og lokaorð *Parcevals sögu* megi rekja til þýðanda eða hvort þau hafi bæst við á seinni stigum.

upplýsa hirð sína um siði og venjur sunnan úr álfunni.<sup>15</sup> Í hópi þeirra rita sem þýdd voru kenndi ýmissa grasa en eitt af því sem einkennir norrænar þýðingar á frönskum bókmenntum þessa tíma er að nær öllum verkunum var snúið yfir á prósa.<sup>16</sup> Þannig voru ólík verk að vissu leyti stept í sama mót því formleg einkenni bundins máls sem aðgreindu verkin á frummálinu hurfu í þýðingunni.<sup>17</sup> Sum verkanna eru tileinkuð konungi og oftár en einu sinni gefur þýðandinn til kynna skemmtanagildi verksins. Þetta á við um *Elís sögu og Rósamundu*, þýðingu á kappkvæðinu *Élie de Saint Gille*, þar sem þýðandi tekur fram í lok ritsins að því hafi verið snúið til að skemmta þeim sem verkið var ætlað.<sup>18</sup> Þýðandi *Strengleika* er sama sinnis og í *Möttuls sögu* (fr. *Le Mantel mautillé*) má lesa: „Enn þvílík sannendi, sem valskan sýndi mér, þá norræna ek yðr áheyröndum til gamans ok skemtanar, svá sem virðuligr Hákön konungr, son Hákönar konungs, bauð fákunnugleik mínum at göra nökkut gaman af þessu eptirfylgjanda efni.“<sup>19</sup>

Gerd Wolfgang Weber, sem fjallað hefur um hlutverk riddarasagna, hefur bent á að skemmtanagildi þeirra hafi vegið þungt og víst er að söguvið þeirra og heimsmynd hafi auðveldað hlustendum að láta sig dreyma um fjarlæg og framandi lönd.<sup>20</sup> Ekki er ólíklegt að þannig megi skýra vinsældir þeirra en einnig má ætla að skemmtanagildið hafi meðal annars orðið til þess að riddarasögur voru lengi vel litnar hálfgerðu hornauga af velflestum fræðimönnum innan

15 Jónas Kristjánsson, *Sagas and Eddas. Iceland's Medieval Literature*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2007 (1. útgáfa 1988), bls. 314–315. Sjá einnig Charles A. Knudson, „Les versions norroises des romans de Chrétien de Troyes: le cadre“, *Mélanges de langue et de littérature du Moyen Age et de la Renaissance, offerts à Jean Frappier*, Genf: Droz, 1970, 1. bindi, bls. 533–541; Jonna Kjær, „La réception scandinave de la littérature courtoise“, bls. 57.

16 Þetta á þó ekki við um *Merlínussþá*, sem er brot út verkinu *Historia regum Britanniae* (*Breta sögur*) eftir Geoffroy af Monmouth. Hún var þýdd undir fornryðislagi og mun íslenski munkurinn Gunnlaugur Leifsson hafa verið þar að verki um 1200.

17 Sjá til dæmis Jonna Kjær, „La réception scandinave de la littérature courtoise“, bls. 50.

18 *Elís saga og Rósamundu*, Bjarni Vilhjálmsson bjó til prentunnar, *Riddarasögur*, Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan/Haukadalsútgáfan, 1954, 4. bindi, bls. 107.

19 Sverrir Tómasson, „Hvenær var Tristrams sögu snúið?“, bls. 53.

20 Gerd Wolfgang Weber, „The Decadence of feudal myth – towards a theory of riddarasaga and romance“, *Structure and Meaning in Old Norse Literature. New Approaches to Textual Analysis and Literary Criticism*, ritst. John Lindow, Lars Lönnroth, Gerd Wolfgang Weber, Odense: Odense University Press, 1986, bls. 415–454, hér bls. 432.

íslenskra miðaldabókmennta.<sup>21</sup> Þýddu riddarasögurnar voru auk þess því marki brenndar að vera álitnar ófullkomnar endurgerðir annarra verka.<sup>22</sup> Eitt af því athyglisverðasta í verki Chrétiens er að fylgjast með því hvernig skáldsagan verður til. Það er líka forvitnilegt að sjá hvernig frönsku riddarasögurnar voru þýddar, ekki síst með tilliti til þess hvernig riddarasagan sem bókmenntagein festir rætur í norrænni bókmenntahefð.<sup>23</sup> Þar hljóta þýðendur að hafa gegnt lykilhlutverki þó svo að verk þeirra séu iðulega býsna frábrugðin frumtextunum. *Perceval eða Sagan um gralinn* er dæmi um frásögn sem tók miklum breytingum í meðförum þýðandans.

## II

Norræna þýðingin á *Sögunni um gralinn* hefur oft verið borin saman við franska gerð verksins.<sup>24</sup> Hugtakið þýðing í þeirri merkingu sem það er nú oftast notað á varla við í þessu samhengi og ef til vill væri réttara að tala um aðlaganir eða endurgerðir þegar miðaldatextar eiga í hlut. Eitt af því fyrsta sem lesandinn tekur eftir er að franska textanum hefur verið skipt í tvö verk; fjallar annað um Parceval (fr. Perceval), hitt um Valven (fr. Gauvain) og endurspeglar þessi skipting uppbyggingu frönsku riddarasögunnar.<sup>25</sup> Fyrri hlutanum lýkur á því að Parceval snýr aftur til Fögruborgar (fr. Biaurepaire) og gengur að eiga Blankiflúr (fr. Blancheflor), meyna sem hann hafði komið til bjargar með því að binda enda á umsátur hins grimma Klamadiusar um borg hennar. *Valvens þáttur* hefst með fundi Valvens og særða riddarans og lýkur þar sem söguhetjan sendir boð til hirðar Artúrs konungs um einvígi sitt við ridd-

21 Matthew James Driscoll, „Þögnin mikla. Hugleiðingar um riddarasögur og stöðu þeirra í íslenskum bókmenntum“, *Skáldskaparmál* 1/1990, bls. 157–168, hér bls. 157.

22 Í grein sinni „Hvenær var Tristrams sögu snúið?“ benti Sverrir Tómasson á mikilvægi þess að skoða þýddu sögurnar út frá fleiri sjónarhornum, sjá bls. 76.

23 Oft er erfitt að draga mörkin milli riddarasagna og fornaldarsagna, og jafnvel milli þýddrar riddarasögu og frumsaminnna, sjá til dæmis Matthew Driscoll, „Late Prose Fiction (*hygisögur*)“, bls. 190–192.

24 Sjá til dæmis Henry Kratz, „The *Parcevals* saga and *Li contes del graal*“; Álfrún Gunnlaugsdóttir, „Um *Parcevals* sögu“; Marianne E. Kalinke, „The saga of *Perceval* the Knight“.

25 Sjá nmgr. 5.



arann Grinomalant. Þýðingin er einnig mun styttri en franska verkið. Samkvæmt talningu Henrys Kratz er *Parcevals saga* 16.495 orð og *Valvens þáttur* 5.024, samtals 21.519 orð en það er um það bil 2/5 hlutar franska textans.<sup>26</sup> Algengt var að norskir og/eða íslenskir þýðendur stytta þá texta sem þeir unnu með og legðu meiri áherslu á atburðarásina en lýsingar og samtöl. Þetta á einnig við um *Parcevals sögu*, að minnsta kosti að hluta því að sums staðar virðist þýðandi hafa fylgt frumtextanum af nákvæmni. Þótt sum frávik í texta megi eflaust rekja til misskilnings eða mistaka endurspeglar önnur og mun fleiri þær breytingar sem þýðandinn ákveður að gera á verkinu. Þannig er ýmist dregið úr vægi þátta eða það aukið. Óhætt er að segja að oft og tíðum er þýðingin eins og veikur endurómur af frumtextanum eins og Álfrún Gunnlaugsdóttir benti réttilega á.<sup>27</sup> Það á ekki síst við um upphaf verksins. Fyrsti kafli *Parcevals sögu* samsvarar 634 ljóðlínunum í frönsku gerð verksins.<sup>28</sup> Í stað formála Chrétien's hefst *Parcevals saga* á örstuttri kynningu á aðalsöguhetjunni sem hefur á sér yfirbragð þjóðsögu eða ævintýris:<sup>29</sup>

Svá byrjar þessa sögu at karl bjó ok átti sér kerlingu. Þau áttu son at einberni er hét Parceval. Þessi karl var bóndi at nafnbót, en riddari at tign. Hann hafði verit allra kappa mestr. Hann hafði tekit kóngsdóttur at herfangi ok settiz síðan í <ó>bygd, þvíat hann þorði eigi millum annarra manna at vera.<sup>30</sup>

Svo hefst frásögn sem lætur kunnuglegar í eyrum þeirra sem þekkja verk Chrétien's:

Einn dag þá er Parceval tólf vetra gamall. Hann hafði áður kent honum skot ok skylmingar, ok svá kunní hann gaflök-

<sup>26</sup> Henry Kratz, „The *Parcevals saga* and *Li contes del graal*“, bls. 21.

<sup>27</sup> Álfrún Gunnlaugsdóttir, „Um *Parcevals sögu*“, bls. 227.

<sup>28</sup> Chrétien de Troyes, *Perceval ou le Conte du Graal*, bls. 685–701, 1.1–634; *Perceval eða Sagan um gralinn*, bls. 43–58. Til samanburðar má geta þess að 1. kafli verksins er 52 línur í útgáfu Kirsten Wolf í *Norse Romance*.

<sup>29</sup> Marianne E. Kalinke, „The Saga of Parceval the Knight“, bls. 221.

<sup>30</sup> *Parcevals saga*, bls. 108.



um at skjóta svá at þrjú váru á lopti senn. Nú sem faðir hans var andaðr, þá hafði Parceval þat til siðar, at hann reið á skóg með fola sinn ok gaflök ok skaut dýr ok fugla. Ok einn dag sá hann ríða fimm riddara, ok hann reið í skóginn, ok einn af þeim sá at piltrinn var skammfulligr ok reið hann til hans ok spyr, ef hann hefði sét um ríða fjóra riddara ok með þeim tvær konur. En honum varð ekki annat á munni en spyrja riddarann, ef hann væri guð; kvað móður sína hafa sagt sér at ekki væri jafn fagrt sem guð.<sup>31</sup>

Þar næst spyr Parceval nokkurra spurninga um vopn og herklæði riddaranna, ríður svo heim á leið og tilkynnir móður sinni að hann ætli að fara til hirðar Artúrs konungs og gerast riddari. Móðir hans er leið yfir ákvörðun hans en gerir honum klæði að sveitasið, segir honum þar næst stuttlega frá því hverra manna hann er og leggur honum lífsreglurnar.

Vorstemningunni sem einkennir margrætt upphaf franska textans er sleppt, hvort sem fuglasöngur eða vorstörf akurkarla eiga í hlut. Þýðandinn hefur einnig fellt niður vangaveltur píltsins yfir því sem hann heyrir og sér. Broslega hliðin á samtali sveinsins og riddarans hefur gufað upp og frásögn móðurinnar af fjölskyldumálum Parcevals, sem nær yfir 82 ljóðlínur í franska textanum, dregur þýðandinn saman í fimm línur þar sem móðirin segir syni sínum af ættgöfgi hans og horfnum auðæfum þeirra foreldranna. Hins vegar staldrar þýðandinn við heilræði móðurinnar og verða þau fleiri hér en hjá Chrétien. Þessi byrjun er í samræmi við þær áherslur sem eru í verkinu öllu: Þýðandi hefur einkum áhuga á Parceval sjálfum, þroska hans og framgangi.

Nafn aðalsöguhetjunnar og uppruni er mikilvægur þáttur í sögu Chrétien. Strax í upphafi verksins, þegar Perceval hittir riddarana, kemur í ljós að hann veit ekki hvað hann heitir. Móðirin hefur kallað hann ýmsum gælunöfnum og sveinninn ungi heldur að þetta séu nöfn sín. Í *Parcevals sögu* er nafn söguhetjunnar notað frá upphafi. Parceval er þó hvorki ávarpaður með nafni né spurður nafns fyrir en hann hittir frænku sína rétt eftir að hafa kvatt kastala fiskikonungsins: „En hinn er eigi vissi nafn sitt, nema hann gat til: ‘Þat

<sup>31</sup> Sama rit, bls. 108.

ætla ek,’ sagði hann, ‘at ek heiti Pacuvaleis.’ En eigi vissi hann hvár<t> hann sagði satt eða eigi.<sup>32</sup> Efanum er ef til vill ætlað að koma til skila þeirri leynd sem hvílir yfir uppruna söguhetjunnar og nafni í verki Chrétiens þótt erfitt sé að segja til um hvaða skilning lesendur og áheyrendur *Parcevals sögu* hafi lagt í þennan þátt verksins. Þetta einkenni verksins fer að mestu forgörðum í þýðingunni og um leið sú áhersla sem höfundurinn leggur á þekkingar- og sannleiksleit söguhetjunnar.

Annað dæmi um þær áherslubreytingar sem eiga sér stað í þýðingunni er frásögn af kvöldverði í kastala fiskikonungsins. Chrétien de Troyes segir vandlega frá því hvernig Perceval verður vitni að göngu ungra manna og kvenna með spjót sem blóð drýpur úr, kertastjaka og dýrmætan gral – stóra skál eða fat – áður en kvöldverðurinn hefst. Þessum atburði er stuttlega lýst í þýðingunni og halda mætti að þýðandinn hafi búist við því að lesendur hans ættu í erfiðleikum með að skilja hvað væri þarna á ferð því hann reynir að útskýra merkingu franska orðsins *graal*, sem hann ritar reyndar sem *braull*: „Því næst gekk inn ein fögr mæð ok bar í höndum sér því líkast sem textus væri, er þeir í völsku máli kalla braull, en vér megum kalla ganganda greiða.“<sup>33</sup> Í útgáfu sinni á *Parcevals sögu* bendir Kirsten Wolf á að með því að líkja gralnum við *textus* – skrautlega og innbundna bók með guðspjöllunum – eigi þýðandinn líklega við að hann sé borinn inn eins og dýrmætt rit. Hún telur að ritháttur orðsins *braull* sé líklega mistök og hafi þýðandi ætlað að skrifa *graul*. Orðin *gangandi greiði* megi svo skilja sem einhvers konar „þjónustu“ eða jafnvel „næringu“ sem borin er um.<sup>34</sup> Þetta er þó alls óvíst og hafa margir spreytt sig á túlkun prósessiunnar og leitað í forna siði, ýmist í heiðni eða kristni, en Chrétien leiðir lesanda sinn vissulega í þá átt með því að setja oblátu í skálina eins og kemur í ljós síðar. Hafi þýðandinn ætlað sér að varpa ljósi á hlutverk gralsins í höllu fiskikonungsins tekst honum það

<sup>32</sup> Sama rit, bls. 152.

<sup>33</sup> Sama rit, bls. 148. Orðinu *braull* bregður aðeins einu sinni fyrir í sögunni, *gangandi greiði* er notað upp frá þessu þegar gralinn ber á góma.

<sup>34</sup> „The key elements in the phrase seem to be firstly, that of mobility, and secondly, that of the provision of a service or, possibly, of nourishment“, sama rit, bls. 212–213. Sjá einnig P. G. Foote, „Gangandi greiði“, *Einarsbók. Afmæliskeðja til Einars Ól. Sveinssonar 12. desember 1969*, Reykjavík: Nokkrir vinir, 1969, bls. 48–58; Álfrún Gunnlaugsdóttir, „Um Parcevals sögu“, bls. 222–223.

ekki þótt *gangandi greiði* hafi ef til vill látið kunnuglegar í eyrum áheyrenda en *braull* og *textus* efalítið líka. Einnig má vera að hann hafi viljað fela vanskilning sinn á því sem þarna fór fram.<sup>35</sup>

Þótt gralinn hafi ekki sama vægi í *Parcevals sögu* og í *Sögunni um gralinn* er hann upphafið að leit riddarans í báðum verkunum. Ljót mær og leiðinleg kemur til hirðar Artúrs konungs og ásakar Parceval um að hafa þagað gæfuna úr hendi sér með því að spyrja ekki fiskikonunginn hvers vegna blæði úr spjótinu og hvað hinn gangandi greiði sé; þannig hefði hann getað veitt gestgjafa sínum ómetanlega hjálp. Þá strengir Parceval þess heit að snúa ekki aftur til hirðarinnar fyrr en hann viti hvað gangandi greiði sé.<sup>36</sup> Því er það svo að þegar einsetumaður sem Parceval hittir fimm árum síðar segir riddaranum að gangandi greiði sé heilagur hlutur er hann laus allra mála og leit hans lokið.<sup>37</sup> Í *Sögunni um gralinn* hefst leitin að gralnum einnig við komu ófríðu meyjarinnar til hirðar Artúrs. Parceval kveðst ekki munu dvelja tvær nætur á sama stað fyrr en hann fái svör við spurningunum tveimur sem honum láðist að spyrja hjá fiskikonunginum. Chrétien skilur svo við söguhetju sína hjá einsetumanninum, við altarið á páskadag, og þar næst vikur sögunni aftur að Gauvain. Leit Parcevals er þó tæpast lokið því að hann veit ekki enn hvers vegna blæðir úr spjótinu. Heilagleiki gralsins í sögu Chrétians hafði þau áhrif að leit riddarans varð trúarlegs eðlis og hafði sú breyting mikil áhrif á framtíð – og fortíð – gralsins í miðaldabókmenntum.

Þrátt fyrir ríka tilhneigingu til að stytta þýddu söguna er söguþráður verkanna beggja eins í öllum meginatriðum. *Parcevals saga* er þó ólík *Sögunni um gralinn* að því leytinu til að hún endar á hefðbundinn hátt og skilur ekki við lesandann og sögupersónur í miðjum klíðum. Snaggaralegum endi hefur verið bætt við eftir heimsókn Parcevals til einsetumannsins, enda leit riddarans lokið:

Hann reið nú brott ok létti eigi fyrr en hann kom til Fögruborgar, ok varð Blankiflúr unnasta hans honum harðla fegin ok allir aðrir þeir sem þar váru fyrir. Fekk Parceval þá Blankiflúr ok gerðiz ágætr höfðingi yfir öllu ríki hennar, svá

<sup>35</sup> Henry Kratz, „*Textus, braull and gangandi greiði*“, bls. 382.

<sup>36</sup> *Parcevals saga*, bls. 166.

<sup>37</sup> Sama rit, bls. 180.

ágætr ok sigrsæll, at aldri átti hann svá vápnaskipti við riddara, at eigi sigraðiz hann, ok mætti hann öllum inum snörpustum riddurum er váru um hans daga.

Ok lýkr hér nú sögu Parceval riddara.<sup>38</sup>

Þessi hamingjuríki endir bindur þéttan hnút á þræði sögunnar; leit-in er á enda og Parcevals bíður brúðkaup, ást og sigrar í lok verksins. Þýðandinn skeytir lítið um hina aðalsöguhetjuna, Valven, og styttir mjög hans hluta af *Parcevals sögu*. Hann tekur svo upp þráðinn aftur í *Valvens þætti*, en að sama skapi hikar hann ekki við að skera niður og stytta frásögnina af ferðum Valvens. Það er þó ekki síður í þeim kafla sem Chrétien slær á léttu strengi og gerir grín að riddaramennsku þótt með öðrum hætti sé en í fyrri hluta verksins.

*Sagan um gralinn* er margþætt og flókin skáldsaga, ekki síst með tilliti til ritunartíma hennar. Höfundurinn er meðvitaður um vandann sem fylgir verkinu, það er að flétta saman trú og skáldskap af þeim toga eða efnivið sem hann notar í þessu riti og ætla má að það hafi ekki síður reynst honum erfitt að tvinna saman hlutana tvo sem sagan byggist á. Í þeirri mynd sem *Parcevals saga* hefur varðveist er hún þroskasaga ungs manns, með öðrum áherslum en frumtextinn. Breytingarnar eru þó ekki handahófskenndar heldur virðist sem þýðandinn hafi viljað laga frönsku riddarasöguna að nýjum áheyrendum og annarri frásagnarhefð með því að gera úr henni annað verk, sögu um Parceval.

### III

*Sagan um gralinn* er eina riddarasaga Chrétiens sem ekki er kennd við aðalsöguhetju eða hetjur verksins. Í flestum handritum er sagan kennd við fat eða skál, sem er harla óvenjulegt en bendir til þess að gralnum hafi verið ætlað að vera einhvers konar táknrænn miðpunktur verksins.<sup>39</sup> Í norrænu þýðingunni er verkið kennt við aðalsöguhetjurnar. Trúverðugleiki þess virðist ekki vaka fyrir þýð-

<sup>38</sup> *Parcevals saga*, bls. 182.

<sup>39</sup> Í tveimur handritum er heiti verksins *Sagan um Perceval (Li Romans de Perceval)*, Chrétien de Troyes, *Œuvres complètes*, bls. 1301.

anda í jafnríkum mæli og í franska textanum, enda hlýtur sagan að hafa haft á sér mun exótiskara yfirbragð á norðurslóðum en í Frakklandi. Því er ef til vill ekki að undra að við þýðingu á *Sögunni um gralinn* sleppir þýðandinn nær öllum þeim brögðum sem höfundur beitir til að ýta undir trúverðugleika verksins. Chrétien hefur verk sitt með eftirfarandi orðum:

Sá sem sáir litlu uppsker lítið og sá sem vill fá góða uppskeru verður að sá fræjum sínum í jarðveg þar sem hann mun uppskera hundraðfalt því að góð fræ þorna og deyja í einskis nýtum jarðvegi. Chrétien sáir og dreifir fræjum skáldsögu sem hann byrjar á og hann sáir í svo frjóan jarðveg að hann hlýtur að uppskera ríkulega því að hann gerir þetta fyrir þann hugprúðasta mann sem fyrirfinnst í Rómaveldi, Filippus greifa af Flandri.<sup>40</sup>

Þessi dæmisaga sem franski textinn hefst á er sótt í Biblíuna og samlíkingin upphefur verk Chrétiens og réttlætir um leið og hún fléttar lesandann inn í það sem viðtakanda eða jarðveg. Inngangsorð verksins eru ekki í norrænu þýðingunni og vera má að þau hafi ekki verið í handritinu sem þýðandinn studdist við. Þar með hverfur nafn Filippusar af Flandri, sem höfundurinn tileinkar verk sitt, og einnig nafn höfundarins sjálfs. Ætla má að hvorugt nafnanna hafi haft merkingu í því norræna umhverfi sem verkið var þýtt inn í en með formálanum hverfur einnig umfjöllun Chrétiens um þau kristilegu gildi sem tengjast greifanum og síðast en ekki síst þær línur þar sem höfundurinn nefnir „bókina“ sem hinn góði Filippus lét hann fá og þar sem söguna um gralinn er að finna.<sup>41</sup> Inngrip sögumanns eða höfundar í *Sögunni um gralinn*, sem snúast iðulega um „söguna“ eða „bókina“ sem er heimild höfundar, eru einnig tekin út í þýðingunni. Þar heyrast aðeins í sögumanni eða þýðanda þegar hið sérkennilega orð *braull* er útskýrt. Á samsvarandi stað í *Sögunni um gralinn* er sögumaður Chrétiens hins vegar hljóður enda þarflaust að skjóta inn orðskýringu fyrir frönskumælandi áheyrendur sem vissu vel hvað

<sup>40</sup> Chrétien de Troyes, *Perceval eða Sagan um gralinn*, bls. 43.

<sup>41</sup> Sama rit, bls. 44.

gral var þótt þeim – eins og Perceval – væri hulið fyrir hvern gripurinn væri borinn í sögunni.

Þýðandinn fer sínar eigin leiðir þegar að því kemur að gefa endurgerð sinni á franska textanum merkingu. Hann forðast endurtekningar eða styttir þær eins og hægt er, til dæmis þegar Perceval hittir frænku sínu og segir henni frá heimsókn sinni í kastala fiskikonungsins. Þetta á við um allar endursagnir af þessu tagi og þannig verður frásögnin þéttari og athyglin beinist sem mest að Perceval. Samt sem áður er Perceval mun einfaldari sögupersóna í norrænu þýðingunni en í verki Chrétiens. Nafni hans er ekki haldið leyndu fyrir lesendum og sverð sem hann fær að gjöf hjá fiskikonunginum hefur ekki verið smíðað með hann í huga eins og í frumtextanum. Í *Sögunni um gralinn* er það synd Percevals – að valda móður sinni svo mikilli sorg þegar hann yfirgaf hana að hún dó – sem veldur því að hann þegir sem steinn er hann sér gralinn og spjótíð en í þýðingunni er það einungis af ótta við að vera ókurteis að Perceval þegir við þetta tækifæri og missir gæfuna úr hendi sér. Einsetumaðurinn segir þó við hann að það hafi verið mikil synd af hans hálfu að spyrja ekki „um ganganda greiðann ok um spjótit er jafnan blæðir ór oddinum“.<sup>42</sup> Þetta er greinileg einföldun á synd söguhetjunnar en hún er í stíl við aðrar einfaldanir þýðandans á Perceval.

Með hliðsjón af skemmtanagildi þýddu bókmenntaverkanna er einkennilegt hversu lítið þýðandi *Parcevals sögu* gerir úr því broslega í fari Percevals. Þótt *Sagan um gralinn* sé nokkuð torræð á köflum og með kristilegri slagsíðu er hún nefnilega í senn fyndin og kaldhæðin frásögn af riddaramennsku þar sem veikleikar beggja aðalsöguhetjanna, Percevals og Gauvains, eru dregnir fram. Þýðandinn hefur hins vegar lagt ríkari áherslu á menntunarþátt verksins og dregur frekar úr klaufaskap söguhetjunnar en hitt þótt fram komi í þýðingunni að menn Artúrs konungs haldi Perceval „fyrir heimskan mann“ og að ekki leyni sér að hann sé „heima alinn“.<sup>43</sup>

Í verki Chrétiens er talsvert um málshætti og heilræði. Móðirin leggur syni sínum lífsreglurnar áður en hann fer að heiman og

<sup>42</sup> *Parcevals saga*, bls. 180.

<sup>43</sup> Sama rit, bls. 114, 122.

Gornemant af Goort gefur sveininum góð ráð þegar hann kennir honum vopnaburð og mannasiði.<sup>44</sup> Í frönsku ljóðsögunni er það stundum sögumaður sjálfur sem skýtur inn athugasemdum um söguhetju sína með vel völdum orðum. Þar sem þýðandi heldur eftir slíkum umsögnum er framsetningu þeirra breytt á þann veg að rödd sögumanns hljómar ekki í gegnum þær. Dæmi um það má finna í frásögninni er hina fágætu hluti ber fyrir augu Parcevals í kastala fiskikonungsins en ungi riddarinn þegir sem gröfin. Í *Sögunni um gralinn* segir: „Ég [sögumaður] er hræddur um að þetta verði ekki til góðs því að ég hef oft heyrt að rétt eins og hægt sé að vera of málgláður þá sé líka hægt að vera of þögull.“<sup>45</sup> Í *Parcevals sögu* má þá lesa: „En svá sem maðr má vera ofmálugr sér til meina, svá má hann ok vera ofþögull sér til skaða, þvíat hvárttveggja má mein gera, ofmælggi ok ofþögli.“<sup>46</sup> Í norræna textanum er frekar bætt í þennan þátt heldur en hitt, eins og bent hefur verið á, ekki síst í lok atburða, og hljóma þeir þá eins og umsögn um það sem á undan kemur.<sup>47</sup> Þeir geta líka haft almenna skírskotun og siðfræðilegt gildi þar sem áhersla er lögð á mikilvægi þess að láta gott af sér leiða.

Með því að stytta *Söguna um gralinn* leggur þýðandinn áherslu á atburðarásina en um leið gefur hann einum þætti verksins meira vægi en öðrum, söguhetjunni Parceval. Geraldine Barnes hefur bent á að ferðir og þroski Parcevals endurspegli grundvallaratriði úr *Konungs Skuggsjá*, sem var líklega samin um svipað leyti og *Sögunni um gralinn* var snúið á norrænu og ef til vill fyrir syni Hákonar konungs.<sup>48</sup> Hún telur að sá siðaboðskapur sem kemur fram í þýðingunni eigi meira sameiginlegt með því sem þar kemur fram en þeirri dulúð sem einkennir verk Chrétien. Álfrún Gunnlaugsdóttir er sama sinnis og bendir á að sum þeirra heilræða og málshátta sem finna megi í *Parcevals sögu* minni auk þess

<sup>44</sup> F. Regina Psaki hefur bent á aukið og ólíkt vægi kvennaráða í norrænu þýðingunni í grein sinni „Women’s Counsel in the Riddarasögur: The Case of *Parcevals saga*“, *Cold Counsel. Women in Old Norse Literature and Mythology. A Collection of Essays*, ritstj. Sarah M. Anderson ásamt Karen Swenson, New York, London: Routledge, 2002, bls. 201–224.

<sup>45</sup> Chrétien de Troyes, *Parceval eða Sagan um gralinn*, bls. 116.

<sup>46</sup> *Parcevals saga*, bls. 150.

<sup>47</sup> Sjá einkum grein Álfrúnar Gunnlaugsdóttur „Um *Parcevals sögu*“.

<sup>48</sup> Geraldine Barnes, „*Parcevals Saga: Riddara Skuggsjá*“, *Arkiv för nordisk filologi*, 99, 1984, bls. 49–62.



mikið á kvæðið *Hugsvinnsmál*, sem er frá 13. öld og er þýðing á *Disticha Catonis*.<sup>49</sup> Þessar viðbætur hafi það hlutverk að undirstríka menntunar- og siðfræðilegan þátt verksins. Hún dregur þá ályktun að þýðandi hafi fyrst og fremst talið að viðfangsefni *Sögunnar um gralinn* væri af siðfræðilegum toga og sá skilningur hafi haft áhrif á þýðinguna. Marianne E. Kalinke er því sammála og sér í verkinu eins konar dæmisögu sem byggist á vaxandi siðferðilegum þroska söguhetjunnar.<sup>50</sup> Því megi ætla að með hliðsjón af þeirri siðfræðilegu undiröldu sem einkennir verkið hafi þýðandinn, rétt eins og Chrétien sjálfur, viljað gefa sögu sinni einhvers konar sannleiksgildi sem áheyrendur hans könnuðust við. Í því samhengi má benda á að þýðandi tekur fram í sögulok að hjá einsetumanninum hafi Parceval lært „eina góða bæn ok lifði síðan sem góðr kristinn maðr“.<sup>51</sup> Gerd Wolfgang Weber dregur þessa túlkun á *Parcevals sögu* í efa og minnir á skemmtanagildi riddarasagna um leið og hann ítrekar hversu mjög merking þeirra hafi farið förgörðum við þýðingu.<sup>52</sup> Skýringin sé sú að viðtakendur í Noregi og Íslandi hafi ekki haft forsendur til að skilja hugmyndafræði frönsku riddarasögunnar og því hafi textarnir verið aðlagðir og dregnir saman í stuttar einfaldar sögur í stíl við þá frásagnarhefð sem viðtakendur þekktu: fornaldarsögur, ævintýri og goðsögulegar frásagnir.<sup>53</sup> Hann telur því að þær breytingar sem orðið hafi til að mynda á gralum í *Parcevals sögu* megi skýra með vangetu þýðandans sem hafi ekki gert sér grein fyrir því hversu flókið verk Chrétians var. Annað dæmi væri hinn hamingjuríki endir *Parcevals sögu* sem rekja megi til fornaldarsagna og ævintýra.<sup>54</sup>

Að mörgu leyti er það rétt að hinn flókni merkingarvefur sem Chrétien setur upp í verki sínu kemst ekki til skila í þýðingunni. Það á reyndar líka við um frumtextann vegna þess að endinn vantar á söguna. Þessi vefur tengist þó greinilega viðleitni höfundar til að auka vægi verksins og trúverðugleika með því að ýta því, meðal

49 Álfrún Gunnlaugsdóttir, „Um *Parcevals sögu*“, bls. 238–239.

50 Marianne E. Kalinke, „The Saga of Parceval the Knight“, bls. 228–232.

51 *Parcevals saga*, bls. 182.

52 Gerd Wolfgang Weber, „The Decadence of feudal myth – towards a theory of *riddarasaga* and romance“, bls. 432–433.

53 Sama rit, bls. 425–426.

54 Sama rit, bls. 438.

annars, hægt en markvisst í átt til kristinna gilda. Þetta á einkum við þann hluta verksins sem fjallar um Perceval sjálfan. Merkingarvefurinn veitir okkur líka innsýn í vangaveltur og hugmyndir höfundar í átökum hans við ómótað form. Vel má vera að þýðandi hafi ekki skilið dulúðina sem umlykur gralinn hjá Chrétien en ýmislegt gefur til kynna að hann hafi haft annað í huga með verkinu en franskri höfundurinn. Hvernig hann skildi – eða misskildi – verk Chrétiens vitum við ekki en ef til vill má túlka áhuga hans á Parceval og þroska söguhetjunnar í verkinu sem viðleitni til að þrengja merkingarsvið þýddu sögunnar. Hann skeytti lítið um trúverðugleika en þær breytingar sem urðu á verkinu benda til þess að hann hafi ekki einungis viljað stytta það.<sup>55</sup> Árangurinn er athyglisverður því í stað margræðninnar sem einkennir *Söguna um gralinn* þá er *Parcevals saga* einföld og skýr, þótt hinn „gangandi greiði“ sé enn óleyst ráðgáta. Úr ljóðsögu Chrétiens býr þýðandinn til annað verk, ef til vill á svipaðan hátt og franskri höfundurinn sjálfur endurmótaði þann efnivið sem hann vann úr í sínum eigin sögum.

Þótt undarlegt megi virðast vógu trúverðugleiki og/eða „sannleikur“ þungt í frönskum 12. og ekki síður 13. aldar riddarasögum sem sóttu í ríkum mæli í þá frægu uppsprettu bretónskra ævintýra og sagna sem enn nýtur vinsælda. Þær breytingar sem verða á *Sögunni um gralinn* þegar henni er snúið á norrænu eru forvitnilegar hvað viðtökur efniviðarins frá Bretaníu snertir en ekki síður þegar starf miðaldarþýðandans á í hlut. Hann þýddi verkið inn í annan menningarheim og ólíka frásagnarhefð stytta verkið um meira en helming og felldi niður flest af því sem höfundurinn notaði til að auka trúverðugleika þess. *Parcevals saga* er stutt og hnitmiðuð frásögn með mun alvarlegra yfirbragði en fyrirmyndin þótt minna fari þar fyrir kristinni trú og fylgifyskum hennar svo sem syndinni. Því er hæpið að álykta að það sé skemmtanagildið eitt sem þýðandinn hafi viljað miðla til áheyrenda sinna. Hann stytta sögu Chrétiens – og misskildi hana ef til vill – en rétt eins og aðrir höfundar sem endurritugu og/eða spunnu við ólokið verk Chrétiens gerir hann

<sup>55</sup> Sjá einnig F. Regina Psaki, „Women’s Counsel in the Riddarasögur: The Case of *Parcevals saga*“.

breytingar á því verki sem hann vinnur með. Í þeirri mynd sem hún hefur varðveist *endar* norræna sagan um Parceval og þannig er frá-sögninni „lokað“. Fjöldi varðveittra handrita bendir til þess að *Parcevals saga* hafi verið nokkuð vinsæl á Íslandi en vera má að sú ákvörðun þýðandans að gera Parceval að miðpunkti verksins og sú einföldun sem á því varð skýri hvers vegna gralinn sjálfur vakti ekki meiri forvitni en raun ber vitni innan íslenskra bókmennta þótt riddarasagan ætti langt líf fyrir höndum.

## ÚTDRÁTTUR

### Um þýðingu og endurritun í *Sögunni um gralinn og Parcevals sögu*

*Perceval eða Sagan um gralinn* eftir Chrétien de Troyes var samin í Frakklandi í árunum 1182–1191, á fyrstu áratugum skáldsagnaritunar. Eins og mörg önnur frönsk bókmenntaverk var hún þýdd á norrænu, líklega í Noregi á síðari hluta 13. aldar. Chrétien lagði mikla áherslu á uppbyggingu og gerð verka sinna og var umhugað um merkingu þeirra. Hann beitir því ýmsum brögðum til að auka trúverðugleika þeirra, ekki síst í *Sögunni um gralinn* þar sem kristin gildi eru áberandi. Norræna þýðingin á verki hans (*Parcevals saga* og *Valvens þáttur*) er mikið stytt en sums staðar hefur einnig verið bætt við söguna. Bent hefur verið á skemmtanagildi riddarasagna og vissulega á það við um *Parcevals sögu*. Í samanburði við franska textann er þó broslegi þáttur verksins rýr og lítið fer fyrir dulúðinni og þeirri trúarlegu áherslu sem einkennir sögu Chrétiens. Flestum þeim brögðum sem Chrétien beitir til að auka trúverðugleika verksins hefur einnig verið sleppt. Í norrænu þýðingunni er lögð greinileg áhersla á menntun og þroska söguhetjunnar. Hér er leitt getum að því að þýðandinn hafi unnið með verk Chrétiens á svipaðan hátt og Chrétien vann sjálfur með sinn efnivið, þ.e. á meðvitaðan hátt. Þannig hafi franska ljóðsagan verið endurrituð og löguð að þeim áheyrendum sem sagan var þýdd fyrir og því umhverfi sem þýðandinn starfaði í.

ABSTRACT

Translation, Adaptation and Meaning in the  
*Story of the Grail and Parcevals saga*

This article deals with the Old Norse translation of *The Story of the Grail* (Perceval). As many other French literary works *The Story of the Grail*, written around 1182–1191 by the French author Chrétien de Troyes, was translated into Old Norse, probably in the second half of the 13th century. Chrétien was concerned about the structure of his romances in order to endow them with meaning and authenticity and he used several protocols for that purpose, not least in the *Story of the Grail* where Christian values are important. The Old Norse translation of this story (*Parcevals saga*, *Valvens þáttur*) is much shorter than the French text but the translator has also added some lines to his work. The entertainment value of the romances is well known but in *Parcevals saga* the comical aspect of Chrétien’s story is weak. Religion and mystery are not important elements of the work and Chrétien’s efforts in the field of authenticity are left out. On the contrary a special emphasis seems to be put on the moral education of Perceval. The translator seems to have worked with the French text in much the same way as Chrétien did with his sources, conscious of his possibilities of changing the work. Thus the changes made by the translator may reflect his efforts in adapting the *Story of the Grail* to the audience for whom the story was translated and the environment in which the work was done.